



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

ÁRSSKÝRSLA

félagseininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir
árið 2020

Björgunarsveitin Kjölur

Nafn félagseiningar

Efni:

| | |
|---|---|
| Efni:..... | 2 |
| Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2020 | 3 |
| Upplýsingar um félagseiningu. | 4 |
| Ný Stjórn félagseiningar: | 4 |
| Formaður | 4 |
| Varaformaður..... | 4 |
| Gjaldkeri | 5 |
| Ritari | 5 |
| Meðstjórnandi | 5 |
| Meðstjórnandi | 5 |
| Meðstjórnandi | 5 |
| Fulltrúi í Svæðisstjórn | 5 |
| Fundir og Útköll..... | 6 |
| Helstu verkefni á árinu | 6 |
| Húsa- og tækjæign..... | 8 |
| Björgunarstöð / Tækjageymsla: | 8 |
| Aðstaða í björgunarstöð: | 8 |
| Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:..... | 8 |
| Tæki. | 8 |
| Bílar: | 8 |
| Sjótæki: | 8 |
| Fjór hjól:..... | 8 |
| Fjór hjól:..... | 8 |
| Viðauki A. Útköll á árinu..... | 9 |

Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2020

Árið 2020 var hjá björgunarsveitinni Kili litað af heimsfaraldi Covid-19 veirunnar eins og flest annað í samfélaginu. Fella þurfti niður námskeið, æfingar og vinnukvöld vegna smithættu og aðgangur að bækisstöð var takmarkaður stóran hluta ársins. Öllum útköllum, þar sem mannskapur var tiltækur, var sinnt og tekið tillit til sóttvarna. Fjöldi útkalla var eins og í meðalári og því erilsamt á tímum. Engin félagi smitaðist í starfi.

Sannarlega skrítnir tímar þar sem tekið var fyrir félagastarf til lengri tíma og þess í stað nauðsynlegt að vera á tánum og vinna skipulag sóttvarna í bælistöð og útköllum. Á tímabilum, þegar smittölur voru hagstæðar, var reynt að sinna viðhaldi tækja og glæða félagsstarfið lífi en jafn harðan komu niðursveiflur. Erfitt var um vik að koma reglu og skipulagi á starfsemina og má segja að hún hafi verið í lágmarki. Þegar leið á árið var fjarfundabúnaður vel nýttur til þess að halda uppi samskiptum, fræðslu og félagsstarfi. Reynt var að halda uppi jákvæðum anda innan sveitarinnar og ýmsar leiðir nýttar til þess, m.a. með heimsenda glaðninga.

Fjáraflanir féllu niður eða frestuðust en á móti kom að rekstrarkostnaður sveitarinnar lækkaði. Fyrir var staðan ágæt og fjórhjól voru endurnýjuð snemma vors. Annað stórt verkefni var endurbætur á jetskiðakerru sem var úthýst á verkstæði.

Þátttaka sveitarinnar í samfélaginu á Kjalarnesi og í Kjós var ólíkt öðrum árum nær engin, þar sem allir viðburðir féllu niður og aðgangur að skólum var ekki heimill.

Þrettán manns voru á útkallslista í lok árs, þar af þrír á útkalli seinni bylgju. Fækkun var um einn féлага á útkalli en annar kom inn á seinna viðbragð. Annars varð engin breyting á mannskap og sami hópur virkur og áður.

Sveitin átti líkt og hin árin, fulltrúa í landsstjórn og svæðisstjórn björgunarsveita.

Útköll

Útköll sem sveitin tók þátt í á árinu voru 86, heldur fleiri en árinu áður en á pari við meðaltal síðustu ára. Útköll vegna bráðaveikinda og slysa á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins voru 42.

Dreifing útkalla var ójöfn og einnig mikill dagamunur. Oftar en ekki komu upp tvö til þrjú útköll sama sólarhringinn eða daglega útköll í nokkra daga. Óveður og útköll sem tengd voru veðri eða færð voru nokkur, aðallega á fyrri hluta ársins. Í febrúar urðu Kjalarnes og Kjós fyrir barðinu á djúpri lægð sem olli töluverðu tjóni á mannvirkjum og bílum, sérstaklega í Grundarhverfi. Inn á milli komu rólegir tímar þar sem ekkert var boðað og hægt að hvíla mannskapinn.

Leitir voru líkt og í fyrra, fleiri en oft áður, aðallega á höfuðborgarsvæðinu en einnig nokkrar á landsbyggðinni.

Auk hefðbundinna útkalla sinnti sveitin útköllum og öðrum verkefnum á hálendisvöktum um sumarið. Kjölur tók tvær vaktir í ágúst – eina viku í Skaftafelli og aðra að Fjallabaki.

Tæki og búnaður

Fjórhólin voru endurnýjuð í febrúar og lauk rafmagns- og búnaðarvinnu í mars. Sveitin ákvað að uppfæra allar tetra handstöðvar sem flestar voru orðnar 10 ára og fengu félagar nýja stöð með aukabúnaði um vorið. Endurbætur voru gerðar á jetskiðakerru og var því verki ekki lokið í árslok. Jetskiðin voru því ekki útkallshæf á meðan.

Óveðursbúnaður var uppfærður og búnaðarkassar endurnýjaðir fyrir Kjöl 1. Geymsla fyrir fjórhjólábúnað á slökkvistöðinni á Skarhólabraut var bætt.

Tölvu- og ljósabúnaður var endurnýjaður í fundarherbergi í Þörnýjarbúð og komið upp fjarfundabúnaði og zoom aðgangi sem nýttist vel til fræðslu og funda.

Námskeið og æfingar

Lítið var af námskeiðum og æfingum vegna covid-19. Tveir félagar hófu nám hjá Sjúkraflutningaskólanum í EMT-Advanced á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í byrjun árs og kláruðu lotu eitt og tvö. Upprifjun fyrir féлага var tekin í tetra fjarskiptum og vettvangshjálp.

Önnur verkefni

Öll venjuleg verkefni sveitarinnar s.s. Hátíð Hafsins/Sjómannadagurinn, Kjalarnesdagur, gæslur fyrir Kjósverja og kynning á endurlífgun féllu niður.

Endurskinsmerkjun var þó komið til skólabarna og íbúum hverfisins einnig boðin merki.



Covid 19 sóttvarnir

Upplýsingar um félagseiningu.

Nafn félagseiningar: Björgunarsveitin Kjölur
 Sveitarfélag: Kjalarnes, Reykjavík Kt: 690390-1089
 Fjöldi félaga: 15 Félagar á útkallsskrá: 13
 Kallmerki: KJÖLUR Kennitala: _____

Ný Stjórn félagseiningar:

Formaður

Nafn: Brynjar Már Bjarnason Kt.: 290480-4509
 Heimili: Ljósavík 10 Staður: Reykjavík Pnr 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6602962
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: kjolurformadur@gmail.com

Varaformaður

Nafn: Bjarki Þór Arnarson Kt.: 071078-5589
 Heimili: Rauðhamrar 10 Staður Reykjavík Pnr. 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6991700
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: kjolurbjargar@gmail.com

Gjaldkeri

Nafn: Sonja Þórey Þórsdóttir Kt.: 300578-4119
 Heimili: Leifsgata 16 Staður: Reykjavík Pnr.: 101
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6946434
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: sonjathorey@gmail.com

Ritari

Nafn: Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6168493
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Adam Finnsson Kt.: 160189-2079
 Heimili: Jöklasel 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 109
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8455839
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: adam.benedikt.finnsson@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Árni G Sveinsson Kt.: 231168-4279
 Heimili: Jörfagrund 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8933568
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: arnigs@simnet.is

Fulltrúi í Svæðisstjórn

Nafn Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: _____
 Gsm 6168493 Boðtæki: _____ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

Fundir og Útköll

| | | |
|------------|-----------------|----|
| Bókfærðir: | Stjórnarfundir: | 5 |
| | Félagsfundir: | 10 |
| | Aðrir fundir | 5 |

Fjöldi útkalla árið 2019: **86**

| | | |
|-----------------------|-----------|--------------------------|
| Leit á landi : | 20 | slys og veikindi: 42 |
| Óveður: | 13 | björgun : 6 |
| Önnur aðstoð á landi: | 4 | leit og björgun á sjó: 1 |

Helstu verkefni á árinu

Í tímaröð: (dags. og stutt lýsing)

Janúar: 13 x útköll

Gæsta á Þorabloti Kjósverja

Febrúar:

9 x útköll

Endurbætur fundaraðstaða, tölvubúnaður og skjár
Heimsókn stjórnar SL
Tetra námskeið upprifjun í Þörnýjarbúð
Endurnýjun fjórhjóra

Mars:

4 x útköll

Covid19 takmarkanir

Apríl:

12 x útköll

Fjáröflunarverkefni fyrir SORPU í Álfnesi

Maí:

9 x útköll

Júní:

6 x útköll

Júlí:

7 x útköll

Ágúst:

3 x útköll

Láglendisvakt í Skaftafelli
Hálendisvakt að Fjallabaki

September:

4 x útköll

Aðalfundur í fjar/staðarfund

Október:

4 x útköll

Upprifjun vettvangshjálpa - fjarkennsla
Endurskinsmerki í Klébergsskóla

Nóvember:

7 x útköll

Fulltrúaráðsfundur - fjarfundur

Desember:

8 x útköll

Endurskinsmerki í Grundarhverfi
Rótarskot seld

Húsa- og tækjæign

Björgunarstöð / Tækjageymsla:

Húsnæði / leiguhúsnæði

Heimilisfang: Þörnýjarbúð

Póstnr: 116 Staður: Reykjavík

Aðstaða í björgunarstöð:

Stjórnstöð Bílageymsla Bátageymsla Sleðageymsla

Fundarsalur Skápar fyrir einstaklingsbúnað

Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:

Sími: Óskráður sími: _____

Farsími: 6168493 Farsími: _____

Myndriti: _____ Netfang: **bjorgunarsveit@simnet.is**

SSB VHF. bj.sv.rás VHF bátastöð

VHF alm.v.rás VHF leitari (skanner) XTetra

VHF miðunarstöð CB rásir fjöldi VHF handtalstöðva : 6

Tæki.

Bílar:

Tegund: **Ford F-350** Árgerð: **2019** Kallmerki: **KJÖLUR 1**

Skr.nr: **JYJ-51**

Fjarskipti : farsíma nr. VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað: **Tetra bílstöð (641-3111)**

Tegund: **Toyota Land Cruiser** Árgerð: **2017** Kallmerki: **KJÖLUR 2**

Skr.nr : **RRS22**

Fjarskipti : farsíma nr. VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað **Tetra bílstöð 641-3110**

Bátar:

tegund: **2 x jetskiði** árgerð: **2018** Fjarskipti: VHF CB XGPS XTetra

Fjórhjól:

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2014** Skr.nr : **DID74**

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Fjórhjól:

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2014** Skr.nr : **FFE13**

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Viðauki A. Útköll á árinu

86. ÓVEÐUR

F2 Útkall vegna fókverkefna í Kjós og Mosfellsbæ. Báðir bílarnir með alls fimm manns voru starfandi í norðanbálinu.

Forgangur: F2
27. desember 2020 11:18

85. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í heimahúsi á Kjalarnesi. Tveir fóru á vettvang.

Forgangur: F2
23. desember 2020 20:18

84. ÁREKSTUR

F2 Útkall vegna áreksturs tveggja bíla í Hvalfjarðargöngum. Einn Kjalarmaður fór á slysstað.

Forgangur: F2
22. desember 2020 19:56

83. AÐSTOÐ

F2 Útkall vegna ljósagangs í Esjunni. Ótti um göngumann reyndist ástæðulaus. Þrír mættu til leitar með tvö fjórhjól og jeppa.

Forgangur: F2
12. desember 2020 19:32

82. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Grundarhverfi. Einn maður fór á vettvang.

Forgangur: F2
7. desember 2020 10:59

81. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda. Einn Kjalarmaður fór á vettvang.

Forgangur: F2
6. desember 2020 20:23

80. SLYS

F1 Útkall þegar maður slasaðist í Gunnlaugsskarði. Þrír menn og tvö fjórhjól fóru á staðinn, ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F1
5. desember 2020 12:29

79. LEIT

F2 Útkall vegna leitar að manneskju sem óttast var um, í grennd við Esjuna. Sex Kjalarmenn fóru til leitar á báðum bílunum.

Forgangur: F2
3. desember 2020 18:45

78. LEIT

F2 Útkall vegna göngumanns sem villtist á Bláfjallasvæðinu. Tvö fjórhjólategymi voru tilbúin til leitar þegar maðurinn fannst

heill á húfi.
Forgangur: F2
29. nóvember 2020 16:10

77. LEIT

F2 Útkall göngumanns sem villtist í hriðarveðri við Móskaðshnúka. Tvö fjórhjólategymi fóru til leitar.

Forgangur: F2
28. nóvember 2020 16:47

76. LEIT

F2 Útkall vegna leitar að manni sem óttast var um. Tvö fjórhjólategymi og Kjölur 2 fóru til leitar á höfuðborgarsvæðinu.

Forgangur: F2
21. nóvember 2020 06:08

75. LEIT

F3 Útkall vegna göngumanns sem villtist norðan við Hafravatn. Tvö fjórhjólategymi frá Kili fóru til leitar.

Forgangur: F3
18. nóvember 2020 19:45

74. SLYS

F2 Útkall vegna göngumanns sem slasaðist á fæti í Esju. Fjórir Kjalarmenn aðstoðuðu sjúkraflutningamenn gangandi og á

fjórhjólum.
Forgangur: F2
14. nóvember 2020 10:54

73. BÍLVELTA

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bílveltu við Laxá í Kjós. Einn Kjalarmaður fór á slysstað.

Forgangur: F2
11. nóvember 2020 07:29

[72. VEIKINDI](#)

F2 Útkall á vegna veikinda ökumanns á ferð um vesturlandsveg við Grundarhverfi. Tveir menn fóru á vettvang.

Forgangur: F2
6. nóvember 2020 16:14

[71. VEIKINDI](#)

F2 Útkall vegna andlegra veikinda í heimahúsi á Kjalarnesi. Einn maður fór á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F2
24. október 2020 18:53

[70. FOKTJÓN](#)

F3 Útkall vegna foktjóns í Klébergsskóla. Tveir menn voru á leið á staðinn, þegar aðstoð var afturkölluð.

Forgangur: F3
14. október 2020 17:03

[69. ÓVEÐUR](#)

F3 Útkall vegna bíls sem tjónaðist í vindhviðum við Móaberg á vesturlandsvegi. Þrír Kjalarmenn fóru á staðinn.

Forgangur: F3
9. október 2020 12:37

[68. ÁREKSTUR](#)

F2 Útkall vegna áreksturs tveggja bíla á Hvalfjarðarvegi. Einn Kjalarmaður fór á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F2
5. október 2020 12:15

[67. VEIKINDI](#)

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Kjós. Tveir menn fóru á staðinn.

Forgangur: F2
27. september 2020 15:30

[66. LOKUN](#)

F3 Útkall vegna sjávarágangs sunnan við Grundarhverfi. Loka þurfti vesturlandsvegi með þremur bílum meðan hreinsun fór fram.

Forgangur: F3
19. september 2020 21:05

[65. LEIT](#)

F2 Útkall vegna leitar að þroskaskertum pilti á höfuðborgarsvæðinu. Eitt fjórhjólategymi fór til leitar.

Forgangur: F2
15. september 2020 12:19

[64. LEIT](#)

F2 Leit að manni í Þjórsárdal. Tveir menn voru lagðir af stað til leitar á Kjöl 2, þegar viðkomandi fannst.

Forgangur: F2
13. september 2020 07:20

[63. SJÁLFHELDA](#)

F2 Útkall vegna göngumanns í sjálfheldu efst á Þverfellshorninu í Esjunni. Tvö fjórhjólategymi frá Kili fóru í útkallið.

Forgangur: F2
23. ágúst 2020 10:25

[62. KRAMPI](#)

F1 Útkall vegna ökumanns sem fór í krampa í Hvalfjarðargöngum. Einn maður fór á staðinn á Kjöl 2.

Forgangur: F1
20. ágúst 2020 07:21

[61. KEF – HÆTTUSTIG](#)

F2 Útkall vegna farþegavélar með véltruflanir. Einn maður var á leið í útkallið þegar vélin lenti heilu og höldnu.

Forgangur: F2
16. ágúst 2020 08:30

[60. LEIT](#)

F2 Útkall vegna framhalds leitar við Esjumela og Köldukvísl. Fimm Kjalarmenn leituðu á fæti og fjórhjólum. Leit bar ekki

árangur.

Forgangur: F2
28. júlí 2020 21:27

[59. LEIT](#)

F2 Útkall vegna leitar að manni á Esjumelasvæðinu. Fjórir Kjalarmenn fóru til leitar á tveimur bílum. Leit bar ekki árangur.

Forgangur: F2
27. júlí 2020 01:55

[58. SLYS](#)

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna slyss í heimahúsi í Grundarhverfi. Fjórir Kjalarmenn fóru á staðinn.

Forgangur: F2
16. júlí 2020 05:10

[57. LEIT](#)

F2 Útkall vegna manns sem óttast var um við Elliðaárnar. Fjórir Kjalarmenn fóru til leitar á fjór- og reiðhjólum.

Forgangur: F2
9. júlí 2020 16:49

[56. VEIKINDI](#)

■ Útkall vegna öndunarerfiðleika og annara einkenna í heimahúsi á Kjalarnesi. Einn maður fór á staðinn.

Forgangur: F1
8. júlí 2020 12:48

[55. VEIKINDI](#)

F2 Útkall vegna skyndilegra veikinda í heimahúsi í Kjós. Einn Kjalarmaður fór á vettvang.

Forgangur: F2
7. júlí 2020 12:28

[54. SLYS](#)

F2 Útkall vegna einstaklings sem hafði fallið í heimahúsi í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á staðinn.

Forgangur: F2
4. júlí 2020 18:48

[53. UMFERÐASLYS](#)

■ Útkall vegna alvarlegs umferðaslyss á vesturlandsvegi ofan Grundarhverfis. Þrír menn fóru á slystað.

Forgangur: F1
28. júní 2020 15:14

[52. BÍLVELTA](#)

F2 Útkall vegna bílveltu á vesturlandsvegi ofan við Hvalfjarðargöng. Einn maður fór á vettvang á Kjöl 2.

Forgangur: F1
27. júní 2020 07:26

[51. BÍLVELTA](#)

F2 Útkall vegna bílveltu á vesturlandsvegi við Grundarhverfi. Tveir menn fóru á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F2
19. júní 2020 04:36

[50. LEIT](#)

F2 Leit á höfuðborgarsvæðinu. Öll tæki sveitarinnar og 6 manns voru við leit eða á leiðinni til leitar, þegar viðkomandi

fannst.

Forgangur: F2
18. júní 2020 20:42

[49. VEIKINDI](#)

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Kjós. Tveir menn fóru á staðinn.

Forgangur: F2
14. júní 2020 04:43

[48. ÁREKSTUR](#)

F2 Útkall vegna áreksturs þriggja bíla í Hvalfjarðargöngum. Einn Kjalarmaður fór á vettvang.

Forgangur: F2
6. júní 2020 17:41

[47. LEIT](#)

F2 Leit að einstaklingi á bíl á höfuðborgarsvæðinu. Þrír Kjalarmenn fóru til leitar á Kjöl 1.

Forgangur: F2
31. maí 2020 10:20

[46. LEIT](#)

F2 Leit að barni í Garðabæ og nágrenni. Kjölur fjór hjólateymi var farið til leitar þegar viðkomandi fannst heill á húfi.

Forgangur: F2
29. maí 2020 16:40

[45. BRJÓSTVERKUR](#)

■ Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Kjós. Einn maður fór á staðinn.

Forgangur: F1
25. maí 2020 10:48

[44. SLYS](#)

F2 Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna manns sem slasaðist eftir fall. Einn maður mætti.

Forgangur: F2
12. maí 2020 19:12

[43. KRAMPI](#)

■ Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna barns í krampa í Kjós. Tveir menn fóru á staðinn.

Forgangur: F1
8. maí 2020 18:12

[42. MEÐVITUNARLEYSI](#)

■ Útkall vegna meðvitundarleysis í sumarbústað við Meðalfellsvatn. Tveir Kjalarmenn fóru á staðinn.

Forgangur: F1
3. maí 2020 14:04

41. VEIKINDI

F2 Útkall vegna andlegra veikinda á Kjalarnesi. Tveir menn voru á leið heim úr öðru útkalli og fóru á vettvang.

Forgangur: F2
3. maí 2020 02:42

40. BRUNI

F2 Útkall vegna einstaklings sem brenndist í heitum potti við sumarhús í Kjós. Tveir fóru á vettvang.

Forgangur: F2
3. maí 2020 01:56

39. SINUELDUR

F2 Útkall til aðstoðar slökkviliði Kjalarness vegna sinuelda í Kjós. Báðir bílarnir fóru á vettvang með mannskap og dælukerru.

Forgangur: F2
2. maí 2020 15:37

38. SJÓBJÖRGUN

F2 Tveir örmagna kajakræðarar í sjálfheldu við Álfsnes. Tvö jetskíði fóru og sóttu fólkið og kajakana yfir fjörðinn.

Forgangur: F2
29. apríl 2020 21:06

37. LEIT

F2 Leit að barni sem varð viðskila við foreldra við Hreðavatn. Fjórir Kjalarmenn ásamt hundi fóru til leitar.

Forgangur: F2
23. apríl 2020 16:25

36. VEIKINDI

F2 Útkall vegna veikinda í sumarhúshverfi í Kjós. Tveir menn fóru á staðinn ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F2
23. apríl 2020 10:19

35. ELDSVOÐI

F1 Útkall vegna elds í húsnæði við Skrauthóla. Báðir bílarnir fóru á vettvang og aðstoðuðu slökkviliðið.

Forgangur: F1
20. apríl 2020 07:33

34. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda í grennd við Grundarhverfi. Þrír menn mættu.

Forgangur: F2
19. apríl 2020 23:29

33. LEIT

F2 Leit að alzheimer sjúklingi í Reykjavík. Þrjú hjólateymi fóru til leitar strax í kjölfar annarar leitar.

Forgangur: F2
16. apríl 2020 00:01

32. LEIT

F2 Leit að unglingspilti á höfuðborgarsvæðinu. Þrjú fjór- og reiðhjólategymi voru lögð af stað þegar viðkomandi fannst.

Forgangur: F2
15. apríl 2020 23:23

31. LEIT

F2 Leit við Álftanes. Sex Kjalarmenn, göngumenn og jetskíði með áhöfn leituðu í tvo daga. Leit bar ekki árangur.

Forgangur: F2
11. apríl 2020 03:27

30. FASTIR BÍLAR

F3 Fastir bílar vegna ófærðar í Grundarhverfi. Fólk var ferjað í skjól og bílar losaðir. Tveir menn mættu í útkallið.

Forgangur: F3
5. apríl 2020 18:17

29. VEGALOKUN

F3 Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes vegna hríðarveðurs. Fjöldahjálparstöð í Klébergsskóla var opnuð fram á kvöld.

Forgangur: F3
5. apríl 2020 17:24

28. VEGALOKUN

F3 Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes vegna slæms veðurs og umferðaróhapps. Tveir menn voru við lokunarpóst.

Forgangur: F3
5. apríl 2020 07:40

27. ÁREKSTUR

F2 Útkall vegna áreksturs á vesturlandsvegi. Hríð og blinda var á veginum. Tveir menn mættu.

Forgangur: F2
5. apríl 2020 07:22

26. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í Kjós. Tveir menn fóru á staðinn.

Forgangur: F1
4. mars 2020 16:42

25. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í heimahúsi í Kjós. Einn maður fór á staðinn.

Forgangur: F2
4. mars 2020 14:32

24. BRJÓSTVERKUR

■ Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í heimahúsi í Grundarhverfi. Þrír menn mættu.

Forgangur: F1
1. mars 2020 19:51

23. BÍLVELTA

F2 Bílvelta á Hvalfjarðarvegi í Kjós. Tvennt var í bilum en slasaðist lítið. Einn maður fór á vettvang.

Forgangur: F2
1. mars 2020 15:40

22. ÚTAFKEYRSLA

■ Aðstoð vegna útafkeyrslu í óveðri á vesturlandsvegi ofan Grundarhverfis. Tveir menn sinntu verkefninu.

Forgangur: F3
19. febrúar 2020 19:41

21. VEGALOKUN

F2 Lokun á vesturlandsvegi til austurs við Grundarhverfi vegna umferðarslyss, að beiðni lögreglu. Tveir menn lokuðu með

Kjöl 1.

Forgangur: F2
19. febrúar 2020 17:46

20. ÁREKSTUR

■ Árekstur tveggja bíla á vesturlandsvegi í blindhríð. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2 og fluttu ásamt sjúkrabíl slasaða í

slysadeild.

Forgangur: F1
19. febrúar 2020 17:34

19. SLYS

■ Slys vegna þakplatna sem fuku af húsi í Kjós. Þrír menn fóru á staðinn og fluttu viðkomandi til móts við sjúkrabíl á Kjöl 1.

Forgangur: F1
14. febrúar 2020 08:44

18. ÓVEÐUR

F2 Mörg óveðursverkefni í Grundarhverfi og nágrenni. Mikil veðurhæð og rauð viðvörðun sem stóð í nokkrar klst og olli þó

nokkru tjóni.

Forgangur: F2
14. febrúar 2020 05:00

17. VEGALOKUN

■ Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes að beiðni lögreglu og vegagerðar vegna óveðurs. Vegurinn var lokaður um tíma.

Forgangur: F3
14. febrúar 2020 04:56

16. BÍLVELTA

F2 Útkall vegna bílveltu á Hvalfjarðarvegi við Fossá. Þrír Kjalarmenn fóru á staðinn ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

Forgangur: F2
8. febrúar 2020 20:06

15. FLUGATVIK

F2 Útkall rauður vegna farþegavélar með brotinn hjólabúnað á Keflavíkurflugvelli. Þrír menn fóru á MÓT í Straumsvík.

Forgangur: F2
7. febrúar 2020 15:46

14. VEIKINDI

F2 Útkall vegna bráðaveikinda í heimahúsi í Grundarhverfi. Einn Kjalarmaður fór á staðinn á Kjöl 2.

Forgangur: F2
7. febrúar 2020 14:53

13. SNJÓFLÓÐ

■ Snjóflóðaslys við Móskaðshnjúka. Öll farartæki sveitarinnar fóru í útkallið ásamt 6 mönnum.

Forgangur: F1
29. janúar 2020 12:33

12. MEÐVITUNARLEYSI

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis í Kjós. Þrír Kjalarmenn fóru á staðinn.

Forgangur: F1
21. janúar 2020 23:13

11. ÓVEÐURSAÐSTOÐ

■ Útkall í Grundarhverfi vegna þakplatna sem losnuðu í hvasviðri. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 1..

Forgangur: F3
14. janúar 2020 10:48

10. VEGALOKUN

 Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes vegna vinds og skafrennings, aðallega í Kollafirði. Vegurinn var lokaður til um kl

01.

Forgangur: F3

13. janúar 2020 21:35

9. BÍLVELTA

F2 Bílvelta á vesturlandsvegi sunnan Hvalfjarðargangna. Einn Kjalarmaður fór á vettvang.

Forgangur: F2

12. janúar 2020 23:24

8. KVIÐVERKIR

F2 Útkall vegna einstaklings á Kjalarnesinu með skyndilegan kviðverk. Tveir menn fóru á vettvang.

Forgangur: F2

9. janúar 2020 17:05

7. FASTIR BÍLAR

F2 Tveir fastir bílar í ófærð og hríð á Mosfellsheiði. Fólkið var sótt á Kjöl 1 og ekið til byggða.

Forgangur: F2

7. janúar 2020 21:43

6. LEIT

F2 Leit að barni í Reykjavík. Fjórir menn voru lagðir af stað eða að gera sig klára þegar barnið fannst.

Forgangur: F2

7. janúar 2020 16:25

5. LEIT

F2 Leit að konu við Mógilsá. Fjór hjólin og hundateymi fóru til leitar. Konan fannst eftir stutta leit.

Forgangur: F2

6. janúar 2020 16:24

4. VEGALOKUN

 Lokun á vesturlandsvegi um Kjalarnes vegna hríðarveðurs og umferðaróhappa. Margir bílar fóru út af veginum.

Forgangur: F3

4. janúar 2020 10:40

3. RÚTUSLYS

F2 Lítil rúta við það að velta á vesturlandsvegi við Blikdalsá. Fólkinu var komið í skjól í Klébergsskóla. Hríðarveður og krapí.

Forgangur: F2

4. janúar 2020 10:00

2. LEIT

 Framhaldsleit að göngumanni á Snæfellsnesi. Hundateymi, tvö fjórhjól og aðgerðastjórnandi fóru vestur.

Forgangur: F3

3. janúar 2020 09:20

1. BRJÓSTVERKUR

F2 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í sumarhúsi í Kjós.

Forgangur: F2

3. janúar 2020 07:25